



## Fundargerð

440. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,  
Þriðjudaginn 13. ágúst 2019 kl. 13:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson(II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ), Karl Kristjánsson (KK), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Oddviti II bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að fundargerð Fjallskilaneftndar frá 11.08.19. yrði tekin á dagskrá undir liðnum fundargerðir. Einnig að skýrsla Starfshóps um skipulagsbreytingar varðandi umsjónarmann fasteigna og tengdum störfum og erindi um hljóðver í Flatey verði einnig tekin á dagskrá undir liðnum önnur mál. Samþykkt samhljóða.

### Dagskrá:

#### Fundargerðir sveitarfélagsins.

##### 1. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd frá 31. júní 2019:

Oddviti vék af fundi undir þessum lið.

Formaður KK fór yfir fundargerðirnar.

Jafnframt lagt fram erindi frá Önnu Björgu Ingadóttur með ósk um stærra húsnæði. Sveitarstjóra falið að leita leiða til að verða við óskum hennar.

Jafnframt verði kannað að selja íbúðir hreppsins við Hólatröð og Hellisbraut. Sveitarstjóra falið að semja við fasteignasölu um undirbúning að sölu húsanna.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

##### 2. Mennta- og menningarmálanefnd frá 19. júlí 2019:

Formaður ÁHH fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

##### 3. Fjallskilaneftnd frá 11. ágúst 2019:

ÁHH fór yfir fundargerðina, jafnframt lagður fram fjallskilaseðill Reykhólahrepps fyrir árið 2019.

Fundargerð og fjallskilaseðill samþykkt.

## Mál til afgreiðslu.

### 4. Verk-Vest - áskorun:

Lagt fram bréf frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga með ósk um að félagsmenn þess fái greidda eingreiðslu upp á 105.000 kr. þann 1. ágúst, líkt og samið hefur verið um við aðra viðsejendur þrátt fyrir að samningar við Verk-Vest séu enn í gangi. Samþykkt enda gangi eingreiðslan upp í væntalega samninga. Umrædd upphæð verði greidd um næstu mánaðamót og miðast við hlutfall af starfstíma og starfshlutfall á tímabilinu 1. apríl 2019 til og með 30. júní 2019.

### 5. Fjórðungssamband Vestfirðinga:

Lagðar fram tillögur millipinganefndar Fjórðungsþings Vestfirðinga um breytingar á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingsköpum Fjórðungsþings Vestfirðinga. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillögurnar.

### 6. Vestfjarðastofa - ársskýrsla og ársreikningar:

Lögð fram ársskýrsla og ársreikningur Vestfjarðastofu fyrir árið 2018.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps þakkar Maríu Maack fyrrum starfsmanni Vestfjarðastofu góð störf og óskar henni alls hins besta á nýjum vettvangi hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Jafnframt hvetur sveitarstjórn Vestfjarðastofu til að skoða nýja möguleika á starfi hér á Reykhólum.

## Mál til kynningar:

### 7. Stjórnarfundur Bs. Vest frá 12.07.19:

Lögð fram.

### 8. Fundargerðir Vestfjarðastofu nr. 16, 17 og 18:

Lagðar fram.

## Önnur mál:

### 9. Skýrsla starfshóps um skipulagsbreytingar varðandi umsjónarmann fasteigna og tengdum störfum:

Tekin fyrir skýrsla starfshóps um skipulagsbreytingar varðandi umsjónarmann fasteigna og tengdum störfum.

Skýrslan samþykkt með smávægilegum breytingum. Sveitarstjórn samþykkir þær skipulagsbreytingar sem fram er lagðar í skýrslunni og felur sveitarstjóra að koma þeim í framkvæmd.

#### 10. Hljóðver í Flatey:

Lagt fram erindi frá Jakobi Frímanni Magnússyni um heimild til að reisa byggingu undir hljóðver í Flatey.

Vísað til skipulags,- húsnæðis- og hafnarnefndar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.14:45

---

---

---

---

---

---